

AUGLÝSING

um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembættis,
nr. 144/2016, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 13. gr. starfsreglnanna koma þrjár nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Atkvæðisbær sóknarbörn teljast þau sem skráð eru í þjóðkirkjuna í prestakalli samkvæmt þjóðskrá og eru fullra 16 ára við birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaði um laust embætti sóknarprests eða prests í prestakalli.

Nú kemur fram ósk, innan fimm daga frá birtingu auglýsingar, a.m.k. fimm atkvæðisbærra sóknarbarna um að almenn kosning skuli fara fram í prestakalli, eftir að embætti prests hefur verið auglýst laust til umsóknar. Skal þá biskupsstofa svo skjótt sem auðið er gefa atkvæðisbærum sóknarbörnum í prestakallinu kost á því að óska eftir almennri kosningu með rafrænni undirritun. Notast skal við öruggan hugbúnað og þ. á m. nota almenna innskráningarþjónustu s.s. rafræn skilríki eða Íslykil Þjóðskrár Íslands. Skal sóknarbarn auðkenna sig á fullnægjandi hátt áður en undirritað er rafrænt. Skal vera unnt að undirrita samkvæmt framanskráðu uns umsóknarfrestur um prestsembætti rennur út.

Hafi að lágmarki fjórðungur atkvæðisbærra sóknarbarna undirritað ósk um almenna prests-kosningu skal orðið við henni. Aldrei er þó þörf fleiri undirritana en fimm hundruð atkvæðisbærra sóknarbarna.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 39. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 24. september 2020.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

B-deild – Útgáfud.: 28. september 2020